## Leiðbeiningar og matsblað á mati á umsóknum um almennan styrk og hvatningastyrk úr Vísindasjóði Landspítala:

Markmiðið með matsblaðinu hér að neðan er að auka samræmi í einkunnagjöf á innsendum umsóknum. Umsagnaraðili færir einkunnirnar og rökstuðning fyrir þeim inn í tilætluð box í rafrænu kerfi Vísindasjóðs. **Vinsamlegast athugið að boxin stækka með textanum og hafa engin takmörk á orðafjölda.**

Mikilvægustu atriðin varðandi ***mat á gæðum umsóknar*** eru eftirfarandi;

- Bakgrunnur vísindaverkefnis, forsendum og markmiðum þess sé lýst á skýran og greinargóðan hátt með tilvísunum í nýjustu heimildir
- Val á rannsóknarúrtaki sé viðeigandi og lýst með skýrum hætti
- Aðferðafræði sé lýst nægjanlega vel
- Fjallað sé um fjölda, áreiðanleika og réttmæti mælinga og á hvern hátt mat er lagt á þá þætti
- Tölfræðilegum aðferðum lýst og útreikningar á tölfræðilegu afli (power analysis) sýndir
- Verk- og tímaáætlun sé skýr og mælanlegar tímatengdar vörður tilgreindar
- Hlutverki og framlagi þátttakenda í rannsókninni sé lýst og þau skýr
- Kostnaðaráætlun sé ítarleg, rökstudd og raunhæf
- Umfjöllun um styrkleika og veikleika verkefnis

Mikilvægustu atriðin varðandi ***vísindaverkefnið*** er að meta;

- Hvort og þá hve mikið vísindalegt gildi og nýnæmi þess sé á alþjóðavísu
- Hvort niðurstöður þess muni auka við þekkingu á viðkomandi fræðasviði á alþjóðavísu
- Hvort rannsóknaspurningar þess séu skýrar og að hægt verði að svara þeim á sannfærandi hátt
- Hvort líklegt sé að það leiði til birtingar í virtu alþjóðlegu fræðiriti, nefna hve virtu með dæmi um vísindarit

Umsagnaraðili er beðinn um að fara með umsóknina sem trúnaðarmál. Hann er vinsamlegast beðinn um að klára umsögn sína á innan við **10 dögum**. Reynist það vandkvæðum háð skal hann láta vita af því í tölvupósti til vísindarad@landspitali.is

Við val á hvaða verkefni fá styrk úr Vísindasjóði Landspítala eru lagðar til grundvallar einkunnir fyrir vísindalegt gildi og nýnæmi verkefnis (45%) og gæði umsóknar (45%). Einnig er tekið tillit til vísindatengds árangurs aðalumsækjanda (10%) og sér Vísindaráð um mat á þeim þætti.

**MIKILVÆGT!**

**VIÐ MAT OG EINKUNNAGJÖF SKAL NOTA MATSBLAÐIÐ Á NÆSTU SÍÐU!**

# Umsóknir um almennan verkefnastyrk og/eða hvatningastyrk – matsblað 2024 fyrir ytri matsaðila

| Einkunn á skala 1-4 | 1 (verulega ábótavant) | 2 (sæmilegt) | 3 (gott - mjög gott) | 4 (framúrskarandi) | Gefið í hálfum |
|---|---|---|---|---|---|
| **Gæði umsóknar:**<br>**Umfjöllun og lýsing á: Fræðilegum bakgrunni - stöðu þekkingar. Aðferðafræði, þ.m.t. rannsóknarúrtaki og tölfræðilegum styrk, eða réttmæti og áreiðanleika mælitækja og mælinga ef um megindlega rannsókn er að ræða. Framkvæmda- og tímaáætlun, tímatengdar vörður. Kostnaðaráætlun. Styrkleika og veikleika verkefnis. Verkaskiptingu og framlagi.** | **Almennt illa unnin umsókn.** Lýsing á mikilvægum þáttum verulega ábótavant: Fræðilegum bakgrunni- og helstu rannsóknum á sviðinu er ekki nægilega vel lýst. Erfitt að sjá samhengi milli stöðu þekkingar og rannsóknaspurningar verkefnis.<br>Og/eða:<br>Lýsing á þremur eða fleiri af eftirfarandi þáttum er verulega ábótavant: Rannsóknaefniviði. Aðferðafræði, (þ.m.t. tölfræðilegum styrk og tölfræðilegri úrvinnslu, eða réttmæti og áreiðanleika mælitækja og mælinga). Framkvæmda- og tímaáætlun, tímatengdum vörðum. Kostnaðaráætlun. Styrkleikum og veikleikum verkefnis. Verkaskiptingu og framlagi rannsakenda. | **Fremur yfirborðskennd umsókn.** Fræðilegum bakgrunni verkefnisins er lýst og fjallað er um og vísað til helstu rannsókna á sviðinu, en vantar að vísa til nýjustu heimilda. Tengsl við rannsóknaspurningu verkefnisins ekki nægilega vel undirbyggð/skýr.<br>Og/eða:<br>Lýsing á tveimur af eftirfarandi þáttum er verulega ábótavant: Rannsóknaefniviði. Aðferðafræði, (þ.m.t. tölfræðilegum styrk og tölfræðilegri úrvinnslu, eða réttmæti og áreiðanleika mælitækja og mælinga). Framkvæmda- og tímaáætlun, tímatengdum vörðum. Kostnaðaráætlun. Styrkleikum og veikleikum verkefnis. Verkaskiptingu og framlagi rannsakenda. | **Umsókn er vel gerð**. Fræðilegum bakgrunni verkefnis er vel lýst og endurspeglar mjög góða þekkingu á helstu kenningum og rannsóknum á sviðinu og tengir vel við rannsóknaspurningu verkefnisins. Heimildalistinn dekkar vel það sem birt hefur verið og vísað er í nýjustu heimildir. Lýsing á eftirfarandi þáttum er góð eða mjög góð: Rannsóknaefniviði. Aðferðafræði, (þ.m.t. tölfræðilegum styrk og tölfræðilegri úrvinnslu, eða réttmæti og áreiðanleika mælitækja og mælinga). Framkvæmda- og tímaáætlun, tímatengdum vörðum. Kostnaðaráætlun. Styrkleikum og veikleikum verkefnis. Verkaskiptingu og framlagi rannsakenda. | **Umsókn er mjög vel gerð og framúrskarandi á flestan hátt**. Fræðilegum bakgrunni er mjög vel lýst og endurspeglar yfirgripsmikla þekkingu á kenningum og rannsóknum á sviðinu og tengir einstaklega vel við rannsóknaspurningu, og á mjög skýran hátt. Lýsing á eftirfarandi þáttum er framúrskarandi: Rannsóknaefniviði. Aðferðafræði, (þ.m.t. tölfræðilegum styrk og tölfræðilegri úrvinnslu, eða réttmæti og áreiðanleika mælitækja og mælinga). Framkvæmda- og tímaáætlun, tímatengdum vörðum. Kostnaðaráætlun. Styrkleikum og veikleikum verkefnis. Verkaskiptingu og framlagi rannsakenda. | Vægi 45%<br>Einkunn og rökstuðningur fyrir henni skal færa inn í rafræna kerfi Vísindasjóðs Landspítala |
| **Vísindalegt gildi og nýnæmi:,**<br>**Hve mikilvæg er þekkingin sem afla skal? Á alþjóðlegan mælikvarða? Hve sannfærandi geta svör við rannsóknar-spurningu verkefnis orðið miðað við hver eru gæði og stærð rannsóknarefniviðar og tölfræðilegt afl hans/réttmæti og áreiðanleika mælinga? Hver eru líkindin á birtingu í alþjóðlegu vísindariti með háan áhrifastuðul?** | Verkefni með óljóst vísindalegt gildi og/eða bætir litlu við núverandi þekkingu á íslenskan og alþjóðlegan mælikvarða.<br>Og/eða:<br>Rannsóknarspurning og tilgangur verkefnisins eru óljós og illa rökstudd. Gæði og/eða stærð efniviðar er óljós eða ónóg. Tölfræðilegt afl líklegast ekki nóg til að svara nægilega vel rannsóknaspurningu, og/eða umfjöllun og lýsing á því er ónóg. Frekar ólíklegt að niðurstöður leiði til birtingar í ritrýndu erlendu fagtímariti. | Verkefnið getur leitt til nýrrar þekkingar og er mjög þarft fyrir íslenskt þýði, en vísindalegt gildi er frekar lágt á alþjóðlegan mælikvarða.<br>Og/eða:<br>Rannsóknarspurning og markmið skiljanleg. Gæði og stærð rannsóknarefniviðar nægileg og er fjallað um tölfræðilegt afl/leiðir til að meta yfirfærslugildi þess. Líklegt að niðurstöður leiði til birtingar í riti sem flokkast í næst neðsta fjórðung í áhrifastuðli á fræðasviðsflokkum Web of Science skv. JCR | Verkefnið er með gott vísindalegt gildi á alþjóðlegan mælikvarða. Rannsóknarspurning og markmið eru skýr, gæði rannsóknarefniviðar góð og ljóst að tölfræðilegt afl/yfirfærslugildi sé nægilegt til að svara rannsóknarspurningum með góðri vissu. Verkefnið er líklegt til að leiða til birtingar í góðu fagriti sem flokkast í næst efsta eða efsta fjórðungs í áhrifastuðli á fræðasviðsflokkum Web of Science skv. JCR | Frumlegt verkefni með mjög mikið vísindalegt gildi og nýnæmi á alþjóðlegan mælikvarða. Rannsóknarspurning og markmið eru mjög skýr, gæði rannsóknarefniviðar mjög góð og enginn vafi á því að tölfræðilegt afl verði nægt til að svara rannsóknarspurningum á mjög sannfærandi hátt. Verkefnið líklegt til að leiða til birtingar í riti sem flokkast í efsta fjórðung í áhrifastuðli á fræðasviðs-flokkum Web of Science skv. JCR, og með mjög háan áhrifastuðul. | Vægi 45%<br>Einkunn og rökstuðningur fyrir henni skal færa inn í rafræna kerfi Vísindasjóðs Landspítala |